



LANDSSKÝRSLA

UM VEITINGU EVRÓPSKA TUNGUMÁLAMERKISINS

ÍSLAND



HÖFUNDUR:

Kati Valtonen
Omnia, Finland
kati.valtonen@omnia.fi

ATRÍÐISORÐASKRÁ

1 Kynning	P. 4
2 Evrópska tungumálamerkið á Íslandi	P. 4
3 Herferðir tungumálamerkisins	P. 5
4 Forgangsatriði	P. 6
5 Verðlaunaafhending Evrópska tungumálamerkisins á Íslandi	P. 7
6 Mat sem framkvæmt er af finnsku teymi NELLIP ásamt	P. 9

Landskrifstofu Menntaáætlunar Evrópusambandsins

7 Áhrif og notkun Evrópska tungumálamerkisins samkvæmt mati NELLIP hópsins	P. 11
9 Bestu starfsvenjur	P. 12
8 Ráðleggingar	P. 12
10 Niðurstöður	P. 13
11 Þakkir	P. 13

LANDSSKÝRSLA ÍSLANDS UM VEITINGU EVRÓPSKA TUNGUMÁLAMERKISINS

1 Kynning

Markmið skýrslu þessarar er að veita upplýsingar varðandi veitingu Evrópska tungumálamerkisins (ELL) á Íslandi en einnig að kynna hvernig verðlaunaafhendingin gengur fyrir sig.

Verðlaun Evrópskra tungumálamerkja hafa verið veitt fyrir evrópsk verkefni á sviði tungumála síðan 1998. Samkvæmt Androulla Vaslilou (í stjórnarnefnd Framkvæmdastjórnar ESB varðandi mál á sviði menntunar, fjöltyngi og æsku), *hafa markmið Evrópska tungumálamerkisins orðið metnaðarfillri með hverju árinu. Tungumálamerkið á nú við öll stig menntunar og þjálfunar og markmið þess er að leggja áherslu á og umbuna skapandi verkefnum á sviði tungumálakennslu á öllum stigum menntunar og þjálfunar. Merkinu er ætlað að virka sem örvun til nýtingar og dreifingar niðurstaðna verkefna á þessu sviði og efla áhuga almennings á að bæta tungumálhæfileika sína. Hin framsæknu markmið með frumkvæði Evrópska tungumálamerkisins eru í samræmi við vaxandi mikilvægi fjöltyngi* (European language label – empowering people, Limassol, 26-28.9.2012).

Í skýrslu þessari er bæði lögð áhersla á stefnur Landskrifstofu Menntaáætlunar Evrópusambandsins og verðlaunaafhendingu Evrópsku tungumálamerkjanna en einnig á íslensk verkefni sem fengið hafa verðlaun frá Evrópsku tungumálamerki. Árlegar leiðbeiningar Framkvæmdastjórnar ESB gera grein fyrir aðalviðfangsefnum tungumálakennslu. Skýrsluna skrifaði finnski verkefnishópurinn í Omnia, sem er partur af NELLIP-tengslakerfinu, þar sem hverjum samstarfsfélaga var fengið að kynna ferli Evrópska tungumálamerkisins í tveimur löndum. Rannsóknin var gerð með viðtölum í gegnum tölvupóst og umræðum sem áttu sér stað augliti til auglitis. Skýrsla þessi var prófarkalesin af fulltrúa Landskrifstofu Menntaáætlunar Evrópusambandsins á Íslandi og er fánleg á ensku og íslensku.

2 Evrópska tungumálamerkið á Íslandi

Frá árinu 1998 hafa evrópskar landskrifstofur veitt verðlaun Evrópska tungumálamerkið í samræmi við ýmis viðfangsefni.

Ferli Evrópska tungumálamerkisins er stýrt af Framkvæmdastjórn ESB, en stjórnað af hverju aðildarríki fyrir sig og innlendri dómnefnd sem tekur ákvarðanir í samræmi við gefnar forsendur. Almennar forsendur til að geta hlotið verðlaun eru samþykktar á Evrópuvísu, en hvert land getur ákveðið eigin forgangsatriði.

Breytingar á Evrópska tungumálamerkinu og þróun sérstakra aðgerða á Íslandi, í samræmi við almennar áætlanir ESB, er vísað yfir til Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB sem stjórnað er af skipuleggjanda Grundtvig. Annað hvert ár velur skrifstofan eitt verkefni sem hlýtur Evrópskt tungumálamerki úr umsóknum sem borist hafa fyrir verkefni innanlands. Aðeins eitt verkefni hlýtur verðlaun hverju sinni, nema árið 1999 þar sem þrjú verkefni voru verðlaunuð. Á Íslandi er einstaklingum ekki veitt Evrópska tungumálamerkið.

Verkefnin sem Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB sér um á vegum Evrópska tungumálamerkisins eru:

- kynning, upplýsingagjöf og útbreiðsla tækifæra og starfsreynslu sem boðið er upp á af Evrópska tungumálamerkinu
- skipulagning og auglýsing um útboð
- val og afhending verðlauna til þess verkefnis sem hlaut verðlaun
- skipulagning verðlaunaafhendingar

- stjórnun og aukning á gildum verkefna sem hlutu Evrópska tungumálamerkið (t.d. í fréttabréfum, útgáfum,
- efling þátttöku í viðburðum innanlands
- breytingar á evrópskum gagnagrunnum um verðlaunuð verkefni

3 Kynningarátak tungumálamerkisins

3.1 Kynning

Á meðal þess sem nefnt er hér að framan, sér Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB um stórtækar aðgerðir varðandi kynningu, upplýsingagjöf og útbreiðslu tækifæra sem boðið er upp á af Evrópska tungumálamerkinu. Mismunandi áætlanir hafa verið gerðar til þessa:

- útgáfa opinberra tilkynninga varðandi ferli Evrópska tungumálamerkisins
- fréttabréf og tölvupóstsendingar til upplýsingagjafar um ferli Evrópska tungumálamerkisins
- tilkynningar á vefsíðu Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB og á vefsíðu íslenska menntamálaráðuneytisins
- útgáfa fréttatilkynninga til kynningar á ferli Evrópska tungumálamerkisins og þeim verkefnum sem hlutu verðlaun
- skipulagning verðlaunaafhendingar (á öðru hverju ári) þar sem vinningshafi er tilkynntur og honum afhent verðlaun Evrópska tungumálamerkisins
- útgáfa tilkynningar þar sem verkefni vinningshafans er lýst og upplýsingar um tengiliði hans skráðar í gagnagrunn Framkvæmdastjórnar ESB (<http://ec.europa.eu/education/language/label/index.cfm>)
- styrking verkefna Evrópska tungumálamerkisins til að auka sýnileika þeirra og áhrifarík kynning á árangri þeirra og niðurstöðum.

3.2 Auglýsingar um útboð

Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB sér um auglýsingar um útboð fyrir Evrópska tungumálamerkið annað hvert ár. Boðið nær yfir öll svið menntamála. Með auglýsingu um útboð eru veittar upplýsingar varðandi markmið merkisins og evrópsk forgangsatriði.

Dómnefnd sem skipuð er af menntamálaráðuneyti sér um val á verkefninu. Hana skipa einn fulltrúi frá félagi tungumálakennara, einn frá Kennaraháskóla Íslands og einn frá tungumálamiðstöð. Erlendir sérfræðingar tengjast yfirleitt Kennaraháskóla Íslands. Dómnefndin tekur einnig viðtal við umsækjendur um Evrópska tungumálamerkið eftir að umsóknir hafa borist.

Auglýsingar um útboð eru yfirleitt sendar í gegnum:

- póstlista
- vefsíður Landskrifstofu og menntamálaráðuneytis
- dagblöð

Forgangsverkefnin sem ýtt var úr vör af Framkvæmdastjórn ESB á árunum 2010-2011 voru *Tungumálakennsla þjóðarinnar* og *Tungumálhæfileikar sem starfsmenntun*.

3.4 Verðlaunaafhending

Verðlaunaafhending Evrópska tungumálamerkisins er skipulögð af Landskrifstofu. Athöfnin á sér stað hinn 26. september á tveggja ára fresti, á Degi íslenskrar tungu. Fjölmíðlar eru oft viðstaddir athöfnina og fréttir um vinningshafann og verkefni hans eru alltaf sendar til dagblaðanna. Verðlaunaverkefnið er tilkynnt við athöfnina og fulltrúar þess fá tækifæri til að kynna verkefni sitt og þá nýstárlegu aðferð sem notuð er ásamt niðurstöðum verkefnisins. Vinningshafinn skrifar oft grein í fréttabréf síns skóla eða tímarit.

4 Forgangsatriði

Á hverju ári gerir Framkvæmdastjórn ESB tillögur um ákveðin forgangsatriði fyrir verðlaun Evrópska tungumálamerkisins. Markmið þessara árlegu forgangsatriða er að bera kennsl á tilraunir sem eru sértækar og hafa borið góðan árangur og tengjast pólitískri áætlun til endurbóta og eflingar tungumálakennslu og -menntunar.

Forgangsatriði kynningarátaks fyrir árin 2012-2013 sem skilgreind eru af Framkvæmdastjórn ESB eru:

- tungumálakennsla sem byggist á nýrri tækni
- fjöltyngdar kennslustofur

Varðandi fyrsta forgangsatriðið, "þar sem tækni hefur áhrif á marga þætti lífs okkar, fólst eftirfarand í tungumálakennslu: tungumálakennsla og -prófun með aðstoð tölva og/eða tækni, blönduð tungumálakennsla og sýndar- og fjarkennsla eru gagnleg tól til að kenna og læra tungumál á áhrifaríkan hátt. Sköpun og notkun netsamfélaga í námi eflir einnig iðni við fjöltyngi og gagnvirkni milli landa. Með þessu gefst færi á gagnkvæmni og námi erlendra tungumála.

Þetta frumlega kennsluferfi ætti að sameina innblástur og hvatningu hefðbundinnar kennslu og sveigjanleika fjarkennslu til að skapa námskeið sem eru aðgengileg og hvetjandi fyrir nútímanema sem eru að þróa sjálfstæði sitt og eru í sambandi við kennara sína "hinum megin við skjáinn" og hafa gaman af því að læra erlent tungumál¹.

Í tengslum við fjöltyngdar kennslustofur "fjöltyngdum skólastofum hefur fjölgað stöðugt. Í skólastofum þessum eru nemendur sem koma frá ýmsum löndum og hafa ekki sama móðurmál. Móðurmál nemenda eru mismunandi og hegðun þeirra og menning getur verið ólík: þetta getur skapað vanda en er einnig hægt að nota til samburðar og umræðu. Í þessu felst áskorun kennaranna: þeir þurfa að aðlaga kennslutækni sína svo að tillit sé tekið til fjölbreytninnar en um leið lögð áhersla á höfuðtilganginn; þ.e. að hafa sem best samskipti við nemendur og sem best tók á málfræði markmálsins².

Verkefnið sem fær verðlaun er valið eftir frumleika þess og í samræmi við skilyrði Framkvæmdastjórnar ESB.


5 Verðlaunaafhending Evrópska tungumálamerkisins á Íslandi

Á fyrstu 12 árunum (1999-2011) fengu tíu íslensk verkefni verðlaun Evrópska tungumálamerkisins. Hagskýrslugögnin sem höfundur tók saman gefa heildarmynd varðandi mikilvæga þætti: menningar svið, viðfangsefni sem hafa verið verðlaunuð, algengustu tungumálin sem kennd eru.

Menntunarsvið á meðal verkefna Evrópska tungumálamerkisins:

¹ Framkvæmdastjórn ESB (2011), Evrópumerkið er veitt til frumlegra verkefna í tungumálakennslu og -menntun


² Ibi



Heimildir: European Commission, Languages (<http://ec.europa.eu/education/language/label/index.cfm>)

Á þessu 12 ára ferli Evrópska tungumálamerkisins voru flest verkefni sem fengu verðlaun Evrópska tungumálamerkisins á framhaldsskólasviði (6). Eitt verkefni var gert á sviði grunnskóla, starfsmenntunar og háskóla ásamt starfsþjálfun fullorðinna, þó svo engin verkefni Evrópska tungumálamerkisins hafi verið gerð á því sviði þótt það hafi verið í boði.


Það viðfangsefni sem flest verkefni Evrópska tungumálamerkisins fjölluðu um tengdist gæðum tungumálakennslu (4 verkefni).



Heimildir: European Commission, Languages (<http://ec.europa.eu/education/language/label/index.cfm>)

Á þessu súluriti er hægt að sjá svið viðfangsefna Evrópska tungumálamerkisins. Mikilvægt er að hafa í huga að í mesta lagi er hægt að velja þrjú svið fyrir hvert verkefni. Með öðrum orðum: ekki er hægt að lesa úr ritinu fjölda verðlaunaverkefna. Á myndinni sjást þó greinilega aðalsviðin sem valin voru af starfsþjálfunarstofnunum fyrir þróunarstarf og sem dómnefnd íslenska menntamálaráðuneytisins hefur einnig álitnið mikilvæg á síðasta áratugnum.

Fjöldi tungumála er sýndur á skýringarmyndinni hér á eftir.



Heimildir: European Commission (<http://ec.europa.eu/education/language/label/index.cfm>)

Algengasta tungumálið í verkefnum Evrópska tungumálamerkisins var danska (sem kom fram í fimm verkefnum), því næst sænska (sem kom fram í þremur verkefnum) og þá enska, franska, íslenska, spænska og norska (sem öll komu fram í tveimur verkefnum) og þýska (í einu verkefni).

6 Mat sem framkvæmt er af finnsku teymi NELLIP ásamt Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB

Markmið NELLIP-tengslakerfisins er að efla gæði tungumálakennslu með breytingum á gæðaskilyrðum sem notuð eru til veitingar verðlauna Evrópska tungumálamerkisins. Markmið NELLIP er að hafa áhrif á eflingu verkefna varðandi tungumálakennslu í Evrópu þar sem það hefur fjölda samstarfsaðila sem eru í fjölmörgum löndum um alla Evrópu. Nánari upplýsingar varðandi verkefnið og niðurstöður þess er að finna á: <http://nellip.pixel-online.org/index.php>.

Evrópska tungumálamerkið er mikilvægt verkfæri til að meta gæðaverkefni á sviði tungumálakennslu í hverju landi og á Evrópuvísu og veita þeim verðlaun. Markmið merkisins er að taka þátt í framkvæmdum pólitískra forgangsráða Framkvæmdastjórnar ESB á sviði tungumálakennslu.

Markmið tungumálastefna í Evrópu miða er að varðveita fjölbreytileika tungumála og efla tungumálakunnáttu. Nýjustu lykilverkefni varðandi tungumálakennslu eru: *Key data on Teaching languages at School in Europe (2012)*, *First European Survey on Language Competences (2012)*, *Europeans and their*

languages (2012), The Council's Conclusions on Language Competences to Enhance Mobility (2011), Languages for Jobs, providing multilingual communication skills for the labor market (2011), Strategic framework for cooperation on education and training (2009), EU strategy for multilingualism (2008), Multilingualism: an asset for Europe and a shared commitment (2008), Inventory of EU actions in the field of multilingualism (2008), Online consultation on multilingualism (2007), New framework strategy for multilingualism (2005). Út frá þessum lykilskjöllum er hægt að fá skilning á núgildandi pólitískum forgangsatríðum Framkvæmdastjórnar ESB á sviði tungumálakennslu. Nýjustu útgáfunar voru kynntar almenningi í Limassol á ráðstefnu um fjölyngi í Evrópu í september 2012.

Meginþættir sem núgildandi stefnur varðandi tungumálakennslu leggja áherslu á eru:

- aukning gæða í tungumálamenntun
- mat á getu einstaklinga við tungumálakennslu
- þjálfun kennara
- nýjar aðferðir tungumálakennslu og -menntunar
- uppbygging hreyfanleika tungumálamenntunar
- efling fjölyngi
- tungumálamenntum í sérstökum tilgangi
- verkfæri til að hafa umsjón með framförum í tungumálanámi
- viðurkenning og vottun tungumálhæfileika sem fengist hafa í gegnum hefðbundið og óhefðbundið nám
- breytingar á Sameiginlegum viðmiðunarramma Evrópu (Common European Framework of Reference (CEFR))
- styrking á tengslum hæfnisvottorða starfsmenntunar og CEFR
- efling lítið útbreiddra tungumála

Með því að bera saman gæðaskilyrði Evrópska tungumálamerkisins og gildandi pólitísk forgangsatríði Framkvæmdastjórnar ESB á sviði tungumálamenntunar (þ.e. þau atriði sem tekin voru fram hér að framan), valdi finnst teymi NELLIP-tengslakerfisins fjórar ferilsathuganir sem voru með bestu nýstárlegu aðferðirnar eða varanlegar niðurstöður. Starfsfólk Landskrifstofu Mennaáætlunar ESB og sumra verðlaunaðra verkefna veitti NELLIP-teyminu upplýsingar varðandi valferlið, skilyrði sem þarf að uppfylla til að verðlaun séu veitt en einnig ráðleggingar varðandi gæði, meðal annarra atriða, til að verkefnið gæti gengið upp. Tekið var viðtal við skipuleggjendur verkefnisins í gegnum tölvupóst eða augliti til auglitis.

Í tengslum við markhópinn, bar NELLIP-teymið kennsl á fjögur ólík viðmiðunarsvið sem verðlaunaverkefnin höfðu unnið með:

- skólamenntun
- æðri menntun
- menntun fullorðinna
- starfsmenntun

Í samræmi við þessa flokkun voru flest verðlaunaverkefnanna gerð á sviði framhaldsskólamenntunar en engin verkefni voru gerð á sviði menntunar fullorðinna á Íslandi. Danska var algengasta tungumálið í íslensku verkefnum. Sex verkefni fjölluðu einungis um eitt tungumál en hin verkefnin fjögur höfðu fleiri en eitt markmál.

Öll verkefnin gerðu grein fyrir sérstökum aðferðum við tungumálakennslu og -menntun, þau eru í samræmi við skilyrði Framkvæmdastjórnar ESB og eru notuð staðbundið eða á landsvísu.

7 Áhrif og notkun Evrópska tungumálamerkisins samkvæmt mati NELLIP-teymisins

7.1 Áhrif

Greining ferilsathugana varpaði ljósi á ástæður þess að höfundar sóttu um Evrópska tungumálamerkið. Flestir frumkvöðlarnir ákváðu að senda umsókn sína til Evrópska tungumálamerkisins til að:

- kynna viðfangsefni og niðurstöður verkefnisins sem álitnar voru mikilvægar og viðeigandi
- samnýta góðar starfsvenjur
- fá lands- og Evrópuvottun fyrir niðurstöðurnar og góðar starfsvenjur
- standast útbreiðsluáætlun á landsvísu og / eða Evrópuvísu
- kynna vel heppnuðar kennsluáðferðir og -efni sem borið hafa árangur
- tryggja sýnileika verkefnisins

Frumkvöðlar verkefnanna voru einnig beðnir um að greina áhrif Evrópska tungumálamerkisins á verðlaunaverkefni.

Með tungumálamerkinu fannst hópnum sem vann að verkefninu hann vera að gera réttu hlutina. Margir kennarar sem starfað hafa við verkefni hafa einnig verið virkir í annarri verkefna- eða þróunarvinnu og Evrópska tungumálamerkið var viðurkenning fyrir vinnu þeirra. Það virkaði einnig sem hvatning og jók skilning annarra aðila sem komu að verkefninu á efnin sem unnið var með. Mikilvægi samskipta og samvinnu jókst. Áhugi á kennslu viðfangsefna verkefnisins og annarra viðfangsefna var greinilegur en einnig niðurstaða annarra kennara.

Mikilvægur þáttur var einnig að tungumálamerkið og þ.a.l. sú vinna sem unnin var með verkefninu fékk staðbundna athygli. Í sumum tilfellum jókst fjöldi boða á viðburði þar sem verkefnið var kynnt.

Niðurstaðan er því sú að þegar verkefnum er veitt Evrópska tungumálamerkið, hafa þau notið meiri athygli á landsvísu. Merkið hefur sérstök áhrif á þátttakendur verkefnisins en einnig á hvatningu kennara sem hafa fengið kost á að efla bestu starfsvenjur og fá þannig meiri áheyrn. Leggja má til að skipuleggjendum verkefnisins sé veitt aukið lið til að þeir fái sem mest út úr Evrópska tungumálamerkinu til að efla og styrkja útkomu og niðurstöður verkefna þeirra.

Til eru mismunandi leiðir til að nýta ágóða og kynningu Evrópska tungumálamerkisins á verkefnum. Í sumum verkefnum hefur viðurkenning fyrir gott starf og áhugaverðar niðurstöður verið nægileg, en í öðrum hafa stofnanir tekið upp nýjar samvinnuleiðir og ný tengslakerfi á Íslandi en einnig í öðrum löndum til að nota tækifærið og efla bestu starfsvenjur og nýta niðurstöður og útkomu verkefna eftir veitingu verðlauna Evrópska tungumálamerkisins.

7.2 Nýting

Flestir frumkvöðlar verkefna gáfu út fréttatilkynningu eða skrifuðu grein í dagblað eða tímarit. Sumir frumkvöðlar verkefna skipulögðu og tóku þátt í málstofum og ráðstefnum með það markmið að kynna verkefnið og merkið sem því var veitt. Verkefninu YRKJA, sem fékk verðlaun árið 2011, var einnig boðið á ráðstefnu fjöltyngi í Evrópu sem haldin var í Limassol í september 2012. Aukin hvatning innan hópsins sem stóð að verkefninu var talin mikilvægust af því sem fékkst með veitingu Evrópska tungumálamerkisins. Evrópska tungumálamerkið hefur einnig aðstoðað við samþættingu niðurstaðna verkefnisins í hversdagskennslu eða við frekari þróun aðferða, nálgunar og efnis verðlaunaverkefnisins. Þessa samþættingu og breytingu má telja mikilvægustu þættina varðandi langtímaáhrif þeirrar vinnu sem unnin hefur verið.

8 Bestu starfsvenjur

Verkefnið YRKJA hefur einnig verið valið sem dæmi um bestu starfsvenjur af NELLIP-teyminu. Þau verkefni sem valin eru er hægt að nota sem fyrirmynd og til viðmiðunar við gerð áætlana og gæðapróunar verkefna á sviði tungumálakennslu og annarra verkefna sem uppfylla nauðsynleg skilyrði til að geta sótt um Evrópska tungumálamerkið.

Bestu starfsvenjur standast ekki einungis gæðakröfur sem gerðar eru við veitingu Evrópska tungumálamerkisins, heldur eru einnig "sértækar" til að geta: mætt þörfum ákveðinna markhópa (t.d. farandverkamanna), fylgt eftir gæðaaðgerðum (fjölbreytileiki tungumála sem boðið er upp á), viðhaldið gæðum niðurstaðna (kínverskukennsla), tryggt varanleika verkefnisins (kennslufni og nýtt efni fyrir ný tungumál og ný svið á netinu), tekið þátt í nýjungum og ýtt undir frumleika og hreyfanleika verkefnisins.

Ástæðan fyrir því að þetta verkefni var valið er aðallega aðferðin sem notuð er við íslenskukennslu fyrir útlendinga – vönduð uppbygging kennslunnar, eftirfylgni árangurs, íhugun varðandi markhópin (pólskar konur sem búsettar eru á Íslandi), hentugar leiðir til aðlögunar þeirra að samfélaginu (og byrjun starfsferils) ásamt möguleikum á því að flytja aðferðirnar yfir á aðra markhópa.

Nákvæm greining á þeim verkefnum sem valin voru vegna bestu starfsvenja leggur áherslu á að megináhrif Evrópska tungumálamerkisins á tungumálakennslu tengjast tveimur þáttum: fyrst og fremst hefur merkið átt þátt í sýnileika verkefnanna og því næst hefur það hvatt verkefnishópinn með viðurkenningu á vel heppnaðri vinnu.

9 Ráðleggingar

Frumkvöðlar íslenskra verðlaunaverkefna voru beðnir um að gefa tilvonandi umsækjendum um Evrópska tungumálamerkið ráðleggingar.

Frumkvöðlar íslenskra verkefna töldu mikilvægast að fá "réttu fólkið" með sér í verkefnið: hvatning og áhugi eru mikilvæg til að verkefni sé vel heppnað. Umsækjendur um Evrópska tungumálamerkið skulu vera vel undirbúnir og verkefni þeirra vel uppbyggt og skipulagt. Markmið áfangans skal vera ljóst frá byrjun. Einnig var ráðlagt að umsækjendur könnuðu hvað þegar hefði verið gert og þróað á heimsvísu. Tungumálakennsla er stór aðgerð sem líta þarf á í heild sinni og fólk getur þess vegna lært af öðrum.

Frumkvöðlar vildu einnig geta nýtt sér verðlaun Evrópska tungumálamerkisins til eflingar, tengslamyndunar og frekari þróunar.

10 Niðurstöður

Greining íslensku verkefnanna sem urðu fyrir valinu og ferilsathugin varpa ljósi á að flestir frumkvöðlar verkefnanna ákváðu að sækja um Evrópska tungumálamerkið til að fá opinbera viðurkenningu á vinnu sinni og árangri hennar. Þetta hefur sannað sig með auknum áhuga kennara og trú þeirra á að vera að gera réttu hlutina. Aðrar ástæður tengjast vilja þeirra til að kynna árangur og nýstárlegar aðferðir verkefnisins og samnýtingu á reynslu þessa sviðs. Niðurstöður voru svipaðar í Finnlandi og á Íslandi, sem voru marklönd könnunar þessarar.

Áskoranir Evrópska tungumálamerkisins eru aðallega tengdar því ferli sem fer í gang eftir veitingu Evrópska tungumálamerkisins. Vera má að viðburðir eða tækifæri til kynningar og tengslamyndunar geti hjálpað frumkvöðlum til að fleiri starfsfélagar efla bestu starfsvenjur í víðara samhengi og á landsvísu. Gæti verið að alþjóðleg samvinna og útflutningur bestu starfsvenja sé næsta skref?

11 Þakkir

Höfundar vilja þakka Ragnhildi Zoëga hjá Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB fyrir aðstoð sína við svörun og upplýsingagjöf sem notuð var við skýrslugerðina. Skipuleggjendur verðlaunaverkefnisins veittu einnig mikilvægar upplýsingar og svörun við skýrslu þessari, en einnig á ferilsathugunum.